



Fundargerð hreppsnefndar 20. október 2016

Fundur nr. 49 kjörtímabilið 2014-2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 20. október 2016 í safnaðarheimili Vopnafjarðarkirkju kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

1. Velferðarnefndar 27. september 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Menningarmálanefndar dags. 5. og 10. október 2016

Fundargerð 05. október samhljóða samþykkt.

Fundargerð 10. október samhljóða samþykkt.

3. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 11. október 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

4. 131. fundar stjórnar HAUST

Lagði sveitarstjóri til að sveitarfélagið óski frests til 15. febrúar 2017 til að skila tímasettri verkáætlun varðandi frágang á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps í ljósi meðfylgjandi bréfs Umhverfisstofnunar. Samhljóða samþykkt. Fundargerðin til kynningar.

5. Stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 26. september 2016

Lagt fram til kynningar.

6. Vísindaráðs Almannafræðisafns dags. 3. október 2016

Lagt fram til kynningar.

7. Framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 3. október 2016

Lagt fram til kynningar.

8. 45. fundar stjórnar Brunavarna Austurlands, dags. 14. október 2016

Lagt fram til kynningar.

1. 2. Almenn mál:

2. Drög að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi

Gerði sveitarstjóri nánari grein fyrir gjaldskrárdrögum og fór síðan fram umræða um málið. Gjaldskráin síðan samhljóða samþykkt.

1. Álagning gjalda fyrir árið 2017

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Lagði hann síðan fram svofellda tillögu:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að álagt útsvar tekjuárið 2017 verði 14.52% af útsvarsstofni”. Samhljóða samþykkt.

Álagningareglur fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2017 lagðar fram og þær samhljóða samþykktar.

Gjaldskrá húsaleigu félagslegra íbúða fyrir 2017 lögð fram til umræðu og hún samhljóða samþykkt.

Gjaldskrá stofnana sveitarfélagsins tekin til umræðu og hún samhljóða samþykkt.

1. Aðalfundur HAUST 2016

Samhljóða samþykkt að til fundarins fari Ólafur Áki Ragnarsson f.h. sveitarfélagsins sem aðalmaður, til vara Eyjólfur Sigurðsson.

1. Drög að samþykktum fyrir ungmennaráð Vopnafjarðar

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fyrirliggjandi drögum til umsagnar í íþrótt- og æskulýðsnefnd.

1. Drög að leigusamningi um Þorbrandsstaði 1 og 2.

Fram fór umræða um málið og fyrirliggjandi samningsdrög síðan samþykkt með 5 atkvæðum, hjá sátu Sigríður Elva og Sigríður Bragadóttir.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. ReykjavíkurAkademíunni

Samhljóða samþykkt að hafna styrkbeiðninni.

2. Uppbygging innviða fyrir rafmagnsbíla á Austurlandi

Sveitarstjórn tekur jákvætt í verkefnið og felur sveitarstjóra að vinna áfram og koma síðan til umsagnar í skipulags- og umhverfisnefnd.

3. Drög að samningi um Finnaþjóðarverkefnið

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:46.

[Eylgigögn fundar 201016.pdf](#)